

Aðalnámskrá grunnskóla

UNDANÞÁGUR FRÁ AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA

Tillaga að endurskoðuðum 16. kafla maí 2022

16.1 Undanþágur skólaskyldu

16.1.1 Undanþága frá skólasókn

16.1.2 Skólaforðun

16.1.3 Sjúkrakennsla

16.1.4 Undanþága frá skyldunámi

16.1.5 Viðurkenning á námi utan grunnskóla

16.2. Aðrar leiðir til að fullnægja skólaskyldu

16.2.1 Þróunarskólar

16.2.2 Alþjóðaskólar

16.2.3 Heimakennsla (heimaskólar)

16.2.4 Fjar- og dreifnám

Skólaskylda barns hefst að jafnaði á því ári sem það verður sex ára með þeirri undantekningu ef foreldrar hafa sótt um undanþágu sem hefur fengið samþykki sveitarstjórnar. Unnt er að fullnægja skólaskyldu í grunnskólum á vegum sveitarfélaga, í sjálfstætt reknum grunnskólum eða með öðrum viðurkenndum hætti samkvæmt grunnskólalögum, t.d. með námi í alþjóðaskóla, þróunarskóla eða með heimakennslu. Þá ber að nefna að undanþáguákvæði grunnskólalaga frá skólaskyldu eða skyldunámi ber að túlka þröngt og með hliðsjón af ákvæðum barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, ásamt öðrum ákvæðum laga sem tryggja réttindi barna, svo sem grunnskólalögum og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Í barnasáttmálanum er m.a. kveðið á um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar stjórnvöld gera ráðstafanir sem varða börn. Ber í þessu samhengi að hafa sérstaklega hliðsjón af 2., 28. og 29. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en með honum viðurkenna aðildarríki rétt barns til menntunar og skulu þau, til þess að réttur þessi nái fram að ganga og allir njóti sömu tækifæra, meðal annars koma á skyldu til grunnmenntunar sem allir geti notið þeim að kostnaðarlausu og gera ráðstafanir til að stuðla að reglulegri skólasókn sem og draga úr því að nemendur hverfi frá námi. Einnig á menntun að hjálpa börnum að læra að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og hæfni. Menntun á að kenna börnum að þekkja réttindi sín og skyldur og að virða réttindi annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika.

Við alla stjórnsýsluframkvæmd, þar á meðal framkvæmd skólastarfs, ber að virða réttindi barna. Handhafi stjórnsýsluvalds í grunnskólum eru sveitarfélög. Þau bera ábyrgð á rekstri og faglegu starfi grunnskóla. Á það við hvort sem sveitarfélög reka grunnskóla sjálf, gera samninga við einkaaðila um rekstur skóla eða með öðrum hætti. Sveitarfélög lúta yfirstjórn ráðherra auk þess sem ráðherra fer með úrskurðarvald þegar ákvarðanir sveitarfélaga eru kærðar til ráðuneytisins á grundvelli grunnskólalaga.

Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að öll skólaskyld börn njóti menntunar í samræmi við lög og alþjóðlegar skuldbindingar vegna barna sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu og barna sem ráðstafað hefur verið í fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Jafnframt skal tryggja menntun barna sem sækja um alþjóðlega vernd og eru í umsjá Útlendingastofnunar sem tryggi að barn komist í almennan skóla eða annað úrræði til menntunar, sbr. reglugerð um útlendinga. Liggi ekki fyrir ákvörðun stjórnvalds um lögheimili barns kveður sveitarstjórn á um skólaskyldu þess, enda búi barnið í sveitarfélaginu og leitað hafi verið eftir innritun þess í skóla. Sveitarstjórn getur samið við annað sveitarfélag um að veita barni skólavist þannig að viðtökusveitarfélag hafi sömu skyldur gagnvart skólavist þess og ætti það þar lögheimili. Hafi slíkur samningur verið gerður ber það sveitarfélag sem samningur hefur verið gerður við áðurnefnda skyldu gagnvart barninu. Með grunnskólalögum er tryggt að ábyrgð á réttindum barna til menntunar falli ekki niður og alltaf sé ábyrgð tiltekins sveitarfélags ljós hverju sinni um að tryggja menntun hvers og eins barns. Ábyrgð sveitarfélaga nær ekki til nemenda á skólaskyldaldri sem flytjast búferlum erlendis en viðtökuríki ber þá ábyrgð á menntun barna við slíkar aðstæður í samræmi við gildandi lög í búsetulandinu. Í grunnskólalögum eru nokkur ákvæði sem heimila undanþágur frá skyldunámi og fyrirmælum aðalnámskrár og verður fjallað nánar um inntak þeirra í þessum kafla.

Líkt og áður hefur komið fram er meginreglan sú að börn byrja í grunnskóla á því almanaksári sem þau ná sex ára aldri. Samkvæmt leik- og grunnskólalögum má þó flýta eða seinka skólabyrjun til að skapa ákveðinn sveigjanleika í þessum efnum innan grunnskóla. Skólastjóri grunnskóla getur heimilað að barn hefji skólagöngu fimm eða sjö ára eftir því sem samkomulag næst milli foreldra og skóla. Byggist slíkt á mati sérfræðinga, kennara og skólastjórnenda með hag barnsins að leiðarljósi. Grunnskólalög heimila einnig að nemandi ljúki öllu námi grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum og geta nemendur því útskrifast úr grunnskóla fyrr en aldur þeirra segir til um. Frumkvæði að slíkri ráðstöfun er hjá foreldrum í samstarfi við skólann sem ber að leita ráðgjafar skólaþjónustu sveitarfélags þegar slík tilvik eru metin. Nemendur þurfa að ljúka öllu námi grunnskóla samkvæmt aðalnámskrá áður en þeir útskrifast úr grunnskóla á skemmri tíma en 10 árum eða ljúka námi í einstökum námssviðum. Þrátt fyrir möguleika á að ljúka grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum ber grunnskólum að bjóða nemendum upp á að dýpka hæfni sína í námssviðum grunnskólans eða fjölbreytt val í öðrum greinum í 10 ár.

Menntun barna er lykill þeirra að framtíðinni. Mikilvægt er að huga að því að börn njóti jafnra tækifæra til menntunar og að skólasamfélagið í heild sinni vinni markvisst að því að börn njóti farsællar menntunar eins og kostur er. Með skólasamfélaginu er átt við starfsfólk og stjórnendur grunnskóla, foreldra og forráðamenn, nemendur og fræðslufyrirvöld og aðra aðila sem starfa með börnum í skóla-, frístunda- eða tómskundastarfi sem hefur stoð í lögum um grunnskóla. Með vísan til þessa er mikilvægt að allar undantekningar og undanþágur frá skólaskyldunni verði túlkaðar þröngt til að standa vörð um rétt barna til menntunar, jöfn tækifæri til náms og að það sem barni er fyrir bestu sé ávallt haft að leiðarljósi.

Foreldrar samkvæmt lögum um grunnskóla eru þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga, nr. 76/2003. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri og bera ábyrgð á námi barna sinna. Einnig bera þeir ábyrgð á að börn þeirra innritist í skóla og sækji skóla. Verði misbrestur á skólasókn, án málefnalegra ástæðna, er slíkt tilkynningarskylt til barnaverndaryfirvalda.

Foreldrum ber að stuðla að því að börn þeirra stundi nám sitt og virða skólaskyldu til daglegrar skólasóknar án undantekninga nema eðlileg forföll eins og veikindi hamli. Þá ber foreldrum að fylgjast með námsframvindu barna sinna í samvinnu við þau og kennara. Foreldrar skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, sem og í skólastarfinu almennt í samráði við umsjónarkennara og skólastjórnendur. Foreldrar bera einnig ábyrgð á námi barna meðan á fjarveru þeirra frá skóla stendur og ber að eiga í samstarfi við skóla og skólafyrirvöld um lausn einstakra mála. Að sækja skóla er bæði fortakslaus réttur og skylda barna á skólaskyldualdri og ábyrgð foreldra í þeim efnum er skýr.

Annað nám grunnskólanemenda á skólatíma. Samfelldur og heildstæður dagur barnsins er talinn farsæll þegar skólastarfi og ástundun í öðru skipulögðu starfi lýkur fyrr á daginn.. Þá minnkar kolefnisspor barnsins með þessum hætti og hefur einnig jákvæð áhrif á fjölskyldulíf viðkomandi barns. Samvinna með þessum hætti kallar á sveigjanleika en erfitt getur verið fyrir grunnskólann sem starfar samkvæmt stundaskrá að bæta barni upp það tap sem það verður fyrir

ef það fer alltaf úr kennslustundum á sama tíma í hverri viku. Mikilvægt er að slík atriði verði útfærð með það að leiðarljósi að það sem er barni fyrir bestu hafi ávallt forgang og að réttur þess til menntunar skerðist ekki. Í því felst meðal annars að kanna vilja barnsins ásamt því að hafa það með í ráðum í ferlinu þegar fyrirkomulag er valið líkt og barnasáttmálinn gerir kröfu um. Ekki er talin þörf á að veita sérstaka undanþágu frá skólasókn vegna t.d. tónlistarnáms eða annars náms á skólatíma en þegar slíkt fyrirkomulag er ákveðið þarf að eiga sér stað samtál og samstarf allra hluteigandi aðila, þar á meðal við barnið sjálft.

Þegar undanþágur frá skólasókn eru veittar sem varða heimakennslu og fjar- og dreifnám þarf að huga að velferð, öryggi og aðbúnaði þeirra barna þrátt fyrir að þau sæki ekki nám samkvæmt hefðbundnum leiðum. Þá hvílir sérstök skylda á skólastjórum viðkomandi skóla að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef misbrestur verður á skólasókn barnsins.

Sérstök tilkynningaskylda hvílir á starfsfólki menntastofnana samkvæmt barnaverndarlögum en í því felst að þeim ber að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndaryfirvalda viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu ófullnægjandi. Þá þarf að tryggja að öll þjónusta við barn sé samþætt í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Foreldrar sem flytja af landi brott með börn sín á grunnskólaaldri, án þess að færa lögheimili sitt til útlanda, geta ekki gert kröfu um að sveitarfélög á Íslandi þar sem börnin eru enn þá með skráð lögheimili annist kennslu barna þeirra, t.d. með fjarkennslu eða fjarnámi. Í slíkum tilvikum skulu börn sækja skóla í útlöndum og bera foreldrar ábyrgð á slíkri skráningu í skóla erlendis í samræmi við reglur í búsetulandinu.

16.1 Undanþágur skólaskyldu

Meginreglan er að börn skulu sækja grunnskóla því menntun er lykill að framtíð þeirra og velferð. Ríkar ástæður þurf að vera fyrir hendi til að veita nemanda undanþágu frá meginreglunni um skólasókn. Með vísan til þess sem að framan segir ber að skýra allar undanþágur frá meginreglunni þröngt.

16.1.1 Undanþága frá skólasókn

Foreldrar geta sótt um tímabundna undanþágu frá skólasókn og er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu annaðhvort í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti í samráði við umsjónarkennara, telji hann til þess gildar ástæður. Sú skylda hvílir skilyrðislaust á foreldrum, fái þeir slíka undanþágu, að tryggja að nemandinn vinni upp í samráði við skóla það sem nemandinn kann að missa úr námi meðan undanþágan varir. Ekki er hins vegar hægt að gera kröfu til skóla að hann veiti viðbótarkennslu til að bæta nemandanum það upp. Langvarandi fjarvistir barna að ósk foreldra frá skóla eiga ekki að hafa neikvæð áhrif á skólastarfið í heild sinni eða á nám annarra nemenda.

Mikilvægt er að nemendur fræðist um ýmis trúarbrögð og lífsskoðanir í grunnskólum í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár en slíkt er mikilvægur liður í lýðræðismenntun og virðingu fyrir fjölmeningu. Í skólastarfi skal ríkja umburðarlyndi og virðing fyrir ólíkum sjónarmiðum. Trúarbragða- og lífsskoðanafræðsla í fjölmeningarsamfélagi skal ávallt vera á forsendum grunnskólanáms fyrir alla nemendur. Vönduð trúarbragðafræðsla er mikilvæg í fjölmeningarsamfélagi. Þættir í slíkri fræðslu geta verið vettvangsheimsóknir til trúfélaga og að fulltrúum þeirra sé boðið í kennslustund til að fræða um trú sína og trúfélag. Vilji foreldrar að börn þeirra fræðist sérstaklega um tiltekin trúarbrögð er það á ábyrgð þeirra í frítíma barnsins að sækja slíka fræðslu og þjónustu í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra. Hið sama má segja um aðra þætti í skipulagi skólastarfs og fræðslu í tengslum við líf og starf í lýðræðislegu fjölmeningarsamfélagi. Grunnskólar skulu haga störfum sínum þannig að nemendur þurfi ekki að fá undanþágu frá ákveðnum þáttum skólastarfs vegna trúar- og lífsskoðana sinna og því ekki gert ráð fyrir slíkri undanþáguheimild. Í þessu sambandi er vísað til viðmiða Toledo sáttmálans um skólastarf og kennslu ólíkra trúarbragða og lífsskoðana frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE). Einnig er vísað til viðmiða frá menntamálayfirvöldum frá 2013 um samskipti skóla og trúfélaga.

Gildar ástæður þurfa að vera fyrir hendi ef barn sækir ekki skóla. Gildar ástæður fyrir tímabundna undanþágu frá skyldunámi geta verið:

1. *Veikindi nemenda sem gera þeim ekki kleift að sækja skóla.*
2. *Alvarleg veikindi, atburðir í nærumhverfi barnsins og dauðsfall náninna aðstandenda.*
3. *Ferðalög á vegum skóla eða í samstarfi við skóla, hvort heldur innan- eða utanlands.*
4. *Þátttaka í afreksverkefnum á sviði íþróttar, lista eða starfi ungmennaráða.*

Við mat á undanþágu skal meta hverju sinni hvort viðburðurinn sé þess eðlis að eðlilegt þyki að veita undanþágu.

Undanþágum frá skólasókn skal ávallt markaður hóflegur tími sem ekki varir lengur en nauðsyn ber til.

Ef heildarfjarvistir nemanda eru umfram tíunda hluta skólaárs er álitid að það komi varanlega niður á námi nemanda. Sveitarfélög skulu setja sér reglur um formleg viðbrögð við minnkandi skólasókn nemenda sem kveða á um aðgerðir sem fara stigþyngjandi samhliða minnkandi skólasókn uns fjarvistir frá skóla tilkynnast til barnaverndaryfirvalda. Með stigvaxandi aðgerðum er gert ráð fyrir að áður en til tilkynningar til barnaverndaryfirvalda komi og 10% viðmiðinu er náð hafi skóli leitast við á fyrri stigum að vinna úr mögulegum vanda nemandans í samstarfi við foreldra og nemandann sjálfan. Reglur þessar koma þó ekki í veg fyrir að skólastjórnendur geti leitað fyrr til barnaverndaryfirvalda enda þarf að meta í hverju tilviki fyrir sig heildarástæður barns og hafa sérstaklega í huga öll þau atriði sem tilkynningarskyld eru samkvæmt barnaverndarlögum. Þá er mikilvægt að horft sé til allra fjarvista, veikinda, leyfa og óheimilla fjarvista þegar reglur um formleg viðbrögð við minnkandi skólasókn eru mótaðar. Þessar reglur sveitarfélaga skal birta opinberlega og jafnframt verða hluti af skólanámskrá og

skólareglum allra skóla í sveitarfélaginu. Þá geta sveitarfélög nýtt sér þessar reglur við gerð viðbragðsáætlunar vegna skólaforðunar, sjá nánar kafla um skólaforðun.

Tilkynningarskylt er til barnaverndaryfirvalda ef misbrestur verður á skólasókn en einnig er tilkynningarskylt ef foreldri ákveður að óska eftir undanþágu en rækir ekki þá skyldu sína að sjá til þess að barnið sinni námi sínu á meðan. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að tryggja að öll þjónusta við barnið sé í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

16.1.2 Skólaforðun

Skólaforðun er meðvituð eða ómeðvituð hegðun sem barn eða unglingur sýnir af sér sem birtist í erfiðleikum með að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skóladag, hluta úr skóladegi eða í ákveðnar námsgreinar, í lengri eða skemmri tíma.

Grunnskólar skulu leggja sérstaka áherslu á stuðning og forvarnir ekki síst ef vísbendingar eru um skólaforðun með það að markmiði að greina vanda barna og fjölskyldna áður en hann verður langvarandi og bitnar á uppeldis- og þroskaskilyrðum barna og farsæld til framtíðar. Snemmtækur stuðningur og markviss samvinna heimilis og skóla eru lykilatriði til þess að koma í veg fyrir skólaforðun og ná barni sem glímir við skólaforðun sem fyrst aftur í skólastarfið. Mikilvægt er að allir nemendur sem glíma við skólaforðun fái tilnefndan tengilið innan skólans sem vinnur markvisst að málum nemenda í samræmi við viðmið um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Ástæður skólaforðunar geta verið margvíslegar og skoða þarf hvert tilvik út frá aðstæðum barns og fjölskyldu þess og félagslegu samhengi, s.s. líðan í skóla, félagsfærni, námsgetu og öðrum þáttum sem geta haft áhrif á umhverfi barns og fjölskyldu. Þá er mikilvægt að skólar með aðstoð tengiliðs leggi einstaklingsbundið mat á þarfir hvers barns fyrir sig sem glímir við skólaforðun og hvaða stuðningsúrræði viðkomandi barn hefur þörf fyrir m.a. með aðkomu viðeigandi aðila, t.d. skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu í þágu farsældar barna.

Foreldrar og skólafólk þurfa að vera vakandi fyrir einkennum skólaforðunar og taka ábendingum þess efnis alvarlega. Þau einkenni geta til dæmis verið óútskýrðar fjarvistir eða seinkomur í skóla, fjarvistir á ákveðnum dögum eða erfitt reynist að fá nemandann til að fara í skólann þó að ekki séu nein sýnileg merki um veikindi. Einnig svefntruflanir eða að barn biður mjög oft um að fá að hringja heim úr skólanum eða vill fara heim á miðjum degi. Þá ber að hafa í huga að hér er ekki um tæmandi lista að ræða enda getur skólaforðun birst í mörgum myndum og átt sér margvíslegar ástæður.

Á meðan unnið er úr vanda nemandans ber skólanum að grípa til fjölbreyttra aðferða til þess að aðstoða nemanda við að komast úr skólaforðun. Til að ná því markmiði er skóla t.d. heimilt að skerða nám nemandans tímabundið, veita tímabundna undanþágu í einstaka námsgreinum sem reynast viðkomandi nemanda erfiðar og bjóða jafnvel upp á tímabundna sjúkrakennslu

heima eða í húsnæði skóla eins og við á. Sjúkrakennsla heima getur þó aldrei orðið meginregla hjá nemanda í skólaforðun og skal alltaf vera hugsuð sem skammtímaúrræði með það að markmiði að nemandi geti sótt skóla á ný.

Skólar, í samráði við heimili nemenda, skulu vinna saman að því að koma nemanda sem fyrst í fullt nám en á meðan skólaforðun stendur er heimilt að viðhafa takmarkaða skólasókn (enda sjálfgefið í stöðunni). Takist ekki að koma nemanda í fullt nám aftur með aðstoð skólajónustu og tengiliðs samþættingar þjónustu ber að tilnefna málstjóra til frekari úrvinnslu með samþættri þjónustu.

16.1.3 Sjúkrakennsla

Allir nemendur eiga rétt á kennslu við hæfi án tillits til líkamslegs eða andlegs atgervis. Nemendur, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika eða fötlunar, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Þeir eiga einnig rétt á samþættri þjónustu í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Það þýðir m.a. að nemendur sem eiga rétt á sjúkrakennslu eigi rétt á tengilið samkvæmt samþættingarlögunum vegna þjónustu á fyrsta stigi og einnig rétt á málstjóra í þeim tilvikum þegar um annars stigs þjónustu er að ræða.

Í grunnskólalögum er gert ráð fyrir að nemendur geti fengið sjúkrakennslu tímabundið. Það er t.d. vegna líkamlegra sjúkdóma eða andlegra veikinda, sem að mati læknis eða annarra fagaðila geta ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda og skólaforðunar. Nemendur, sem að mati læknis eða sérfræðilæknis eða sérfræðinga skóla, skóla- og velferðarþjónustu geta samkvæmt vottorði ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda, eiga rétt til sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu, á sjúkrastofnun eða með öðrum hætti. Um er að ræða útfærslu lögbundins skyldunáms fyrir nemendur sem eru um lengri tíma utan skóla, annaðhvort á sjúkrastofnun eða heimili. Útfærslan getur verið með ýmsum hætti í samræmi við ákvæði laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Sjúkrakennsla er heimilt að útfæra á mismunandi hátt en æskilegt er að ákvörðun um sjúkrakennslu og útfærslu hennar sé tekin í samvinnu heimilis og skóla. Sjúkrakennsla tekur ekki til tilfallandi veikinda nemenda sem standa í nokkra daga.

Þetta ákvæði ber að túlka með þeim hætti að ókleift er fyrir viðkomandi nemanda að sækja skóla, svo sem vegna sjúkráhússdvalar eða þar sem líkamlegt þrek og andleg heilsa er ekki til staðar, þ.e. sé ætlað að mæta þeim nemendum sem hafa *ekki líkamlega eða andlega burði eða þrek til að sækja skóla*. Skólar skipuleggi og útfæri sjúkrakennsluna á forsendum skólans og þess barns sem í hlut á í samræmi við lög um grunnskóla og heilbrigðisþjónustu og einnig lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

16.1.4 Undanþága frá skyldunámi

Samkvæmt grunnskólalögum er skólustjóra heimilt að veita einstökum nemendum undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því, t.d. undanþágu nemenda með annað móðurmál en íslensku frá skyldunámi í dönsku eða nemenda sem lengi hafa verið búsettir erlendis. Þá getur skólinn veitt nemendum með sérþarfir eða fötlun undanþágu frá tilteknum námsgreinum að höfðu samráði við skólaþjónustu og aðstandendur. Skólinn getur boðið nemendum upp á önnur námstækifæri í staðinn, t.d. nám í eigin móðurmáli eða íslensku, eftir því sem kostur er. Hægt er að nýta þessa undanþáguheimild fyrir nemendur sem hafa sýnt afburðaárangur á ákveðnu sviði, samanber leiðbeinandi reglur fyrir skóla um meðferð slíkra mála sem birtar eru hér að neðan.

Skólustjóra grunnskóla er heimilt að veita nemendum undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein eða meta sem svo að nám utan grunnskóla jafngildi grunnskólanámi. Meginreglan er ávallt að börn stundi fullt nám og að undanþágur frá því verði skýrðar þröngt. Skólustjórum er veitt svigrúm til mats á því hvað teljast gildar ástæður fyrir því að veita undanþágu frá skyldunámi. Grunnskólalög gera ráð fyrir að ríkar ástæður þurfi að vera fyrir hendi svo slík undanþága fáiast. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru ákvæði um að hafi nemandi fengið undanþágu frá skyldunámsgrein í grunnskóla gildi slík undanþága áfram í sömu námsgreinum í framhaldsskóla ef þess er óskað. Veiting undanþága frá skyldunámi er stjórnvaldsákvörðun og skal því ávallt gætt að málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga við töku slíkra ákvarðana. Slíkar beiðnir skulu berast skriflega svo unnt sé að líta á erindið sem gögn til ákvarðanatöku.

Þessa undanþáguheimild mætti nýta vegna:

1. *Nemenda sem eru með annað móðurmál en íslensku eða hafa dvalist lengi erlendis og fá undanþágu frá skyldunámi í dönsku.*
2. *Nemenda með sérþarfir eða fötlun sem fá undanþágu frá tilteknum námsgreinum að höfðu samráði við fagfólk.*
3. *Persónulegra ástæðna tímabundið, t.d. vegna skólaforðunar eða kvíða.*

Leiðbeinandi reglur um verklag grunnskóla vegna beiðni foreldra um undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein, samkvæmt 15. gr. grunnskólalaga:

1. *Umsókn skal vera skrifleg staðfest af foreldrum og nemanda eftir því sem við á. Í umsókn þarf að koma fram nafn, kennitala, heimilisfang og grunnskóli nemandans.*
2. *Rökstuðningur undanþágu þarf að koma fram í umsókn, ásamt skriflegu mati sérfræðinga svo sem kennara, skólaþjónustu eða lækna ef við á.*
3. *Aflað er nánari skýringa ef þess er talin þörf. Leitað er álits sérfræðinga eða annarra aðila ef þurfa þykir. Skólinn getur boðið nemanda önnur námstækifæri í staðinn.*
4. *Skólustjóri skal svara erindi skriflega og viðhafa ákvæði stjórnsýslulaga við framkvæmdina.*

16.1.5 Viðurkenning á námi utan grunnskóla

Skólastjóra grunnskóla er heimilt samkvæmt lögum að viðurkenna nám, sem stundað er utan grunnskóla, sem jafngildi grunnskólanáms að undangengnu mati í hverju tilviki. Sem dæmi um þetta má nefna viðurkenningu á hæfni nemenda með annað móðurmál en íslensku í móðurmáli í samræmi við stefnumótun stjórnvalda um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, hæfni íslenskra nemenda í öðrum erlendum málum í stað dönsku og nám við tónlistarskóla, aðra listaskóla eða málaskóla.

Einnig er heimilt að meta þátttöku nemenda t.d. í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem hluta af vali og valgreinum á unglingsstigi. Meta má þátttöku nemenda í atvinnulífi að frumkvæði skólans í tengslum við tiltekið námsúrræði en ekki hefðbundna atvinnuþátttöku. Ferli fyrir slíkt samstarf skóla og atvinnulífs þarf að vera formgert af hálfu sveitarfélaga og skýrt í hvaða tilgangi það er notað.

Undanþága frá einstaka námsgreinum er einkum hugsuð til að auka möguleika nemenda á að ná góðum tókum í þeim greinum aðalnámskrár sem hann stundar áfram.

16.2. Aðrar leiðir til að fullnægja skólaskyldu

Í þessum kafla er fjallað um þróunarskóla, alþjóðaskóla, heimaskóla til heimakennslu og fjar- og dreifnám á grunnskólastigi. Með grunnskólalögum er kveðið á um með hvaða hætti börn á grunnskólaaldri geta fullnægt skólaskyldu sinni. Meginreglan er að þau gangi í almennan grunnskóla, sem er þá annað hvort rekinn af sveitarfélagi eða einkaaðila, sbr. 43. gr. laga um grunnskóla. Undantekning frá þessu er þegar börn sækja þróunarskóla, sbr. 44. gr., alþjóðaskóla, sbr. 1. mgr. 46. gr., stunda nám í heimakennslu, sbr. 2. mgr. 46. gr eða stunda nám í sérskóla, sbr. 42. gr. Þá er kveðið á um með 1. mgr. 26. gr. að hluti náms geti verið fjar- eða dreifnám.

16.2.1 Þróunarskólar

Samkvæmt gildandi lögum getur ráðherra veitt sveitarfélögum eða öðrum rekstraraðilum tímabundna heimild til að starfrækja þróunarskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs. Í slíkum tilvikum er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá aðalnámskrá grunnskóla og almennt er ekki veitt heimild til meira en þriggja ára með ákvæði um mat á tilraunaverkefnum að þeim tíma liðnum. Getur slík undanþága t.d. varðað nám, starfstíma skóla, kennslutilhögun, stundafjölda, frávík frá viðmiðunarstundaskrá og frávík frá aðalnámskrá. Einnig er hægt að veita skólum stöðu þróunarskóla vegna þróunar- og tilraunastarfs innan grunnskóla þó að starfsemin rúmist að öllu leyti innan laga og aðalnámskrár. Slíkum tilraunum skal ávallt setja tímamörk og ráðuneytið þarf alltaf að leggja mat á slíkar tilraunir þegar þeim lýkur.

Hægt er að reka tilraunaskóla sem almennan grunnskóla á vegum sveitarfélaga, sem deild innan grunnskóla eða sem sjálfstætt rekinn skóla sem nýtur viðurkenningar ráðuneytisins og þar með lögboðinna fjárframlaga frá sveitarfélögum.

16.2.2 Alþjóðaskólar

Með lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, var í fyrsta sinn sett ákvæði í lög um að ráðherra væri heimilt að viðurkenna grunnskóla eða námsbraut innan almenns grunnskóla sem starfar samkvæmt viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan. Ráðuneytið setur reglugerð um viðurkenningar grunnskóla eða námsbrautar innan almenns grunnskóla sem starfar samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan. Enn fremur tekur reglugerðin til þjónustusamninga sveitarfélaga vegna skólahlads samkvæmt 4. mgr. 46. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, ákvörðunar framlaga úr sveitarsjóði, vanefnda og afturköllunar viðurkenningar. Ráðherra er heimilt skv. 46. gr. grunnskólalaga að veita undanþágur frá ákvæðum gildandi laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla vegna grunnskóla eða námsbrautar innan almenns grunnskóla sem hyggst starfa samkvæmt viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan. Undanþágurnar skulu á engan hátt skerða lögbundin réttindi nemenda til menntunar. Hér er einkum átt við grunnskóla sem starfa tímabundið hér á landi vegna sértækra verkefna í atvinnulífinu og vegna grunnskóla fyrir börn þeirra foreldra sem starfa á alþjóðavettvangi og dveljast tímabundið hér á landi.

Bæði sveitarfélög og einkaaðilar geta óskað eftir því að fá heimild til að reka alþjóðaskóla eða alþjóðadeild við grunnskóla. Þegar óskað er eftir stofnun alþjóðaskóla eða alþjóðadeildar við grunnskóla skal ráðherra veita fyrst leyfi til að reka alþjóðaskóla sem þróunarskóla til að hámarki þriggja ára og meta starfið að þeim tíma liðnum áður en skólinn fær stöðu alþjóðaskóla samkvæmt grunnskólalögum. Að því loknu verði gengið frá formlegri viðurkenningu ef öll skilyrði viðurkenningar teljast uppfyllt. Þótt alþjóðaskólar séu einkum hugsaðir fyrir nemendur af erlendum uppruna og einkum þá sem hyggjast dvelja tímabundið hér á landi þá hafa alþjóðaskólarnir einnig staðið opnir fyrir íslenska nemendur. Í þeim tilvikum hefur verið gerð krafa um að þeir stundi nám í íslensku samkvæmt aðalnámskrá og einnig er gert ráð fyrir að allir nemendur alþjóðaskóla af erlendum uppruna fái tækifæri til að læra íslensku sem annað mál. Nánari ákvæði um alþjóðaskóla og skilyrði fyrir starfsemi þeirra eru í reglugerð.

16.2.3 Heimakennsla (heimaskólar)

Með lögum um grunnskóla nr. 91/2008 var í fyrsta sinn sett ákvæði í lög um heimakennslu á grunnskólastigi með undanþáguheimild í 46. gr. Árið 2009 var sett ítarleg reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi þar sem sett voru ýmis skilyrði um fyrirkomulag og framkvæmd heimakennslu, m.a. ákvæði um að foreldrar þyrftu að hafa kennsluréttindi til að fá heimild til að annast heimakennslu. Sveitarstjórn getur þá veitt foreldrum eða forráðamönnum barns undanþágu til þess að annast sjálft kennslu þess samkvæmt nánari fyrirmælum reglugerðarinnar. Heimakennsla skal byggjast á lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla.

Grunnskóli er ekki aðeins staður þar sem börn fá lögbundna menntun heldur hefur hann mikilvægu hlutverki að gegna hvað varðar öryggi og velferð barna og að stuðla að alhliða þroska þeirra og farsæld til framtíðar. Í þessu samhengi er lögbundið, bæði með grunnskólalögum og barnaverndarlögum, hlutverk skólans að fylgjast með og að tilkynna ef velferð, öryggi eða aðbúnaði barna er ógnað og slíkt nær einnig til barna í heimakennslu.

Sveitarstjórn getur veitt foreldrum barns undanþágu til þess að annast sjálft menntun þess samkvæmt nánari fyrirmælum sem sett eru í reglugerð. Foreldrar, sem óska eftir undanþágu til að geta kennt börnum sínum heima, skulu sækja um slíka heimild til síns sveitarfélags sem getur veitt slíka undanþágu að höfðu samráði við skólustjóra, skólanefnd og skólaþjónustu. Gert er ráð fyrir að a.m.k. annað foreldrið, sem fær heimild til að annast heimakennslu hafi kennsluréttindi. Börn, sem njóta heimakennslu, eru undanþegin skólasókn í grunnskóla á meðan heimakennsla varir, en skulu tengjast tilteknum skóla í sveitarfélaginu og lúta reglulegu mati. Þau skulu eiga aðgang að skólaþjónustu sveitarfélagsins og annarri stoðþjónustu. Sveitarfélagið tilnefnir tiltekinn grunnskóla til að annast tengsl við heimilið. Nemendur í heimakennslu eigi kost á að taka þátt í félags- og tómstundastarfi á vegum skólans og tengjast skólanum eftir því sem óskað er. Taka skal tillit til óska nemenda sjálfra um þátttöku þeirra í almennu skólastarfi þótt þau séu í heimakennslu eftir því sem því verður við komið.

16.2.4 Fjar- og dreifnám

Með vísan til skólaskyldu á Íslandi er nemendum skylt að sækja grunnskóla. Meginreglan ætti ætíð að vera sú að nemendur sæki staðnám en grundvallarforsenda þess að börn njóti ýmissa réttinda sem lög eiga að tryggja þeim er að þau sæki nám í hvetjandi námsumhverfi.

Íslenski grunnskólinn er staðskóli, þ.e. nemendur mæta í skólabygginguna daglega til að sinna námi sínu. Það breytir þó ekki því að einstaka grunnskólum er heimilt að skipuleggja nám og kennslu þannig að hluti hennar er tekinn utan skólabyggingar. Það á við um vettvangsferðir, útivist og ferðir í skólabúðir, skólaferðir innanlands og utan, Evrópusamstarf milli skóla. Þá er möguleiki að skólar geti útfært einstaka námsgreinar, t.d. valgreinar, í fjarnámi eða sem sjálfsætt heimanám án skólasóknar. Það geti bæði verið til að kenna sjálfstæði í vinnubrögðum og til að mæta sérstökum aðstæðum nemenda, t.d. búseta langt frá skólabyggingu. Þannig má útfæra slíka framkvæmd mismunandi innan skóla, þ.e. einstaka skólustjórar hafa heimild til slíkra útfærslna á skólastarfinu og skal það kynnt í skólanámskrá.

Meginmarkmið með fjar- og dreifnámi í grunnskóla ætti að vera að gefa þeim nemendum, sem það kjósa, tækifæri til að stunda nám óháð búsetu. Hér er einkum átt við nám sem ekki er í boði í viðkomandi skóla, s.s. nám í tungumálum fyrir nemendur af erlendum uppruna og valnám af ýmsum toga en einnig nám nemenda sem búa yfir hæfni til að taka staka áfanga í framhaldsskóla í fjar- og dreifnámi samhliða námi í grunnskóla.

Til að stuðla að sveigjanleika á mörkum grunnskóla og framhaldsskóla skal grunnskólanemendum standa til boða fjar- eða dreifnám í framhaldsskóla sem hluta af námi

sínu í grunnskóla sér að kostnaðarlausu sé það metið sem hluti af skyldunámi, þ.m.t. sem valgrein. Gera skal grein fyrir fyrirkomulagi fjar- og dreifnáms í skólanámskrá.

Grunnskóli sem vinnustaður nemenda á að haga störfum sínum þannig að nemendur finni fyrir öryggi og njóti hæfileika sinna auk þess sem þeir eigi rétt á að njóta bernsku sinnar í öllu starfi á vegum skólans þar með talið fjar- og dreifnámi.

Afar brýnt er að áður en fjarnám er tekið upp, liggi ljóst fyrir hvernig skyldum umsjónarkennara skuli sinnt. Vakin er athygli á hlutverki umsjónarkennara lögum samkvæmt en hann skal fylgjast náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeina þeim í námi og starfi, aðstoða og ráðleggja þeim um persónuleg mál og stuðla að því að efla samstarf skóla og heimila.

Ekki er heimilt að boðið sé upp á fjarnám eða dreifnám alfarið í stað staðbundins náms ef það uppfyllir ekki lög og reglur um grunnskóla. Rétt er að benda á lögboðnar skyldur svo sem: Stjórnskipan skólans, skólaíþróttir, list- og verkgreinar, húsnæði, skólaheilsugæslu ásamt tómtunda-, félags- og frístundastarfi.